

Sp.

159. Fyrirspurnir.

[138. mál]

I. Til viðskiptaráðherra um álagningu innflytjenda á öryrkjabifreiðar.

Frá Helga Seljan.

1. Hvernig reiknast álagning innflytjenda á öryrkjabifreiðar?
Reiknast hún af sama verðgrunni og af bifreiðum til almennrar sölu eða er tekið tillit til niðurfelldra gjalda ríkisins við útreikning álagningar?
2. Hefur Verðlagsstofnun kannað þessi mál og hver er niðurstaðan?

II. Til utanríkisráðherra um afstöðu til atburða í El Salvador.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar til þeirra atburða og þeirrar stjórnmalalegu og hernaðarlegu þróunar sem átt hefur sér stað í El Salvador á undanförunum misserum?

III. Til forsætisráðherra um áætlun um eflingu smáiðnaðar í sveitum.

Frá Sigurði Óskarssyni.

Hvað líður samþykkt ríkisstjórnarinnar á áætlun sem Framkvæmdastofnun ríkisins gerði að beiðni forsætisráðherra um eflingu smáiðnaðar í sveitum og samþykkt var og send ríkisstjórninni til afgreiðslu í maí 1980?

IV. Til fjármálaráðherra um skil innheimtra þinggjalda til ríkissjóðs.

Frá Guðmundi J. Guðmundssyni.

1. Hver voru skil sýslumanna og bæjarfógeta til ríkissjóðs vegna innheimtra þinggjalda 30. nóv. síðastliðinn?
2. Hvernig voru sambærilegar stöðutölur 31. des. 1979, 30. júní 1980 og 31. des. 1980?
3. Er áberandi mikil vanræksla hjá einstökum embættum á skilum, og hvaða ráðstafanir hefur ráðuneytið gert til að tryggja betri skil til ríkissjóðs?
4. Hvar má ætla að fé það, sem innheimtumenn draga að skila í ríkissjóð, sé ávaxt að?
5. Eru þess dæmi, að innheimtumenn hafi skilað ríkissjóði vöxtum vegna þess fjár er þeir höfðu haft í vörslu lengri eða skemmri tíma?